

Fimmtudaginn 12. nóvember 1998.

Nr. 97/1998.

**Tryggvi Pálsson**

(Porsteinn Hjaltason hdl.)

gegn

**Málningu ehf.**

(Garðar Briem hdl.)

Víxill. Endurkrafa. Trygging.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 4. mars 1998. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 14.113.431 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af nánar tilteknum fjárhæðum frá 1. nóvember 1995 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður fallist á það með héraðsdómara, að stefndi hafi leitt nægilega í ljós, að tryggingarvíxill, sem áfrýjandi gaf út og deilt er um í málinu, hafi verið afhentur stefnda til að tryggja meðal annars greiðslu á kröfum hans vegna viðskipta við Norðurfell hf. Samkvæmt því verður niðurstaða héraðsdóms staðfest um annað en málskostnað, en rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

### **D ó m s o r ð :**

Héraðsdómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. desember 1997.**

Mál þetta, sem dómtekið var 26. nóvember síðastliðinn, er höfðað með stefnu, þingfestri 15. maí 1997, af Tryggva Pálssyni, kt. 240938-6429, Kjarrlundi 2, Akureyri, gegn Málningu hf., kt. 450269-4849, Lynghálsi 2, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 14.113.431 krónu ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, af 843.079 krónum frá 1. nóvember 1995 til 31. janúar 1996, af 2.920.469 kr. frá þeim degi til 12. júlí 1996, af 4.720.469 kr. frá þeim degi til 15. október 1996, af 6.108.431 kr. frá þeim degi til 17. október 1996, af 6.113.431 kr. frá þeim degi til stefnubirtingardags, en af 14.113.431 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins.

### I.

Stefnandi var einn af stofnendum hlutafélagsins Norðurfells árið 1974 og jafnframt framkvæmdastjóri þess. Fékk stefnandi sem fyrirsvarsmáður félagsins umboð fyrir málningarvörur stefnda á Akureyri, og sá Norðurfell hf. algjörlega um sölu á framleiðsluvörum stefnda á Akureyri. Árið 1988 fór að bera á greiðsluferfiðleikum hjá Norðurfelli hf., sem leiddu til skulda félagsins gagnvart stefnda. Varð úr, að um áramót 1989–1990 var rekstur félagsins seldur Verslunarmiðstöðinni hf., sem stefnandi hafði ásamt fleirum stofnað á árunum 1970–1972. Með í þeim kaupum fylgdi umboð og málningarvörubirgðir frá stefnda. Stefnandi starfaði hjá Verslunarmiðstöðinni hf. þar til síðla árs 1990, er hann hóf störf sem sölumaður á fasteignasölu. Norðurfell hf. var úrskurðað gjaldþrota 7. febrúar 1991, en stefndi lýsti ekki kröfum í búið. Skiptum var lokið 15. maí sama ár. Engar eignir fundust í búinu. Þá var bú Verslunarmiðstöðvarinnar hf. tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 21. desember 1994. Reyndist bú þess félags einnig eignalaust.

Með bréfi 19. apríl 1991 krafðist stefndi greiðslu allrar þeirrar skuldar, sem hann taldi sig eiga hjá Verslunarmiðstöðinni hf., er þá hafði tekið við rekstri Norðurfells hf. samkvæmt framansögðu, en að öðrum kosti yrði lokað fyrir viðskiptaúttektir félagsins hjá stefnda. Var því bréfi svarað af hálfu sonar stefnanda, Jóns Páls, fyrir hönd Verslunarmiðstöðvarinnar hf. með bréfi, dagsettu 21. sama mánaðar, og farið fram á greiðslufrest. Í kjölfar þessara bréfaskrifta gaf stefnandi út tryggingarvísil, að fjárhæð 3.000.000 kr., til tryggingar skuld Verslunarmiðstöðvarinnar hf. Er víxillinn framseldur af stefnanda með eyðuframsali til áðurgreinds sonar hans, sem jafnframt var ábekingur á víxlinum. Víxillinn var samþykktur til greiðslu af Jóni Páli f. h. Verslunarmiðstöðvarinnar hf. Víxillinn ber áritunina „Tryggingarvísill“. Er á reyndi, taldi stefnandi sig ekki eiga að greiða víxilinn og tók til þess ráðs að krefjast afhendingar hans. Því máli, sem þingfest var 19. maí 1994, var vísað frá af sjálfsdáðum með úrskurði 6. janúar 1995 með þeim rökum, að rekið væri mál fyrir hliðsettum dómstóli um fjárnámsgerð, sem

fram hafði farið 19. janúar 1994 í eign stefnanda og skotið hafði verið til dómsins 14. mars sama ár. Úrskurður um, að fjárnám skyldi fram fara, var kveðinn upp 27. apríl 1995. Fasteign stefnanda, Kaupangur, S hluti, við Mýrarveg, Akureyri, var síðan seld nauðungarsölu 12. júlí 1995. Fékk stefndi úthlutað 843.079 kr. upp í aðfararveð, sem hann hafði tekið í eigninni fyrir tryggingarvaxlinum. Stefndi hafði einnig gert fjárnám í heimili stefnanda að Grundargerði 6 c, Akureyri. Sú eign var seld nauðungarsölu að kröfu stefnda, sem keypti eignina á 6.000.000 kr. Þar sem stefnandi taldi, að eignin hefði verið keypt langt undir markaðsverði, krafðist hann þess, að verðið yrði hækkað og að hærri greiðsla kæmi inn á kröfuna. Varð úr, að stefndi tók mið af niðurstöðu dómkvaddra matsmanna, sem mátu eignina á 7.800.000 kr. Fékk stefndi þannig 2.077.390 kr. út úr nauðungarsölu á þeirri eign.

## II.

### *Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi telur sig hafa greitt þær kröfur, sem stefndi hafi talið sig eiga hjá Verslunarmiðstöðinni hf. samkvæmt áður nefndum tryggingarvaxli, með greiðslum sem hér segir:

Greiðslur:	Greiðsludagur:	Greiðsla:	Alls greitt:
Uppboð á Kaupangi	1.11.1995	843.079	6.113.431
Uppboð á Grundarg.	31.1.1996	2.077.390	
Greiðsla	12.7.1996	1.800.000	Sbr. kvittun
Greiðsla	15.10.1996	1.387.962	Sbr. kvittun
Greiðsla	17.10.1996	5.000	Sbr. kvittun

Stefnandi vilji nú fá þessa fjárhæð, 6.113.431 kr., til baka, þar sem engin krafa hafi verið að baki vaxlinum. Enn fremur hafi stefnandi orðið fyrir miklu tjóni, sem felist í skaða á álitum hans sem fasteignasala og óþægindum af þeim sökum. Fer stefnandi fram á, að stefnda verði gert að greiða stefnanda til viðbótar bætur, að fjárhæð 8.000.000 kr., og því alls 14.113.431 kr.

Til þess er vísað af hálfu stefnanda, að hann hafi ritað sem útgefandi á vixil, er átti að afhenda stefnda til tryggingar skuldum Verslunarmiðstöðvarinnar hf., eins og þær væru á hverjum tíma. Þar sem vixillinn hafi verið afhentur sem trygging, hafi framsalið verið takmarkað, þ. e., það hafi ekki verið til eignar, heldur hafi framsalshafi einungis verið veðhafi. Þegar skuldir Verslunarmiðstöðvarinnar hf. við stefnda hafi engar verið orðnar, hafi stefndi átt að skila Verslunarmiðstöðinni hf. þessari tryggingu. Það hafi ekki verið gert, heldur hafi stefndi innheimt vaxilinn stefnanda til mikils tjóns. Geri stefnandi því nú skaðabótakröfu á hendur stefnda upp á

6.113.431 kr., sbr. 119. gr. laga nr. 91/1991, ásamt öðrum bótakröfum upp á 8.000.000 kr.

Stefndi hafi viðurkennt, að ekki hafi verið gengið að stefnanda vegna skulda Verslunarmiðstöðvarinnar hf., heldur hafi stefndi þarna verið að innheimta hjá stefnanda ætlaðar skuldir Norðurfells hf. Krafan á bak við tryggingarvíglinginn sé þar með ekki á Verslunarmiðstöðina hf., heldur á Norðurfell hf. Það sé auðvitað algerlega fráleitt að halda því fram, að Verslunarmiðstöðin hf. hafi sett fram tryggingu fyrir greiðslu skulda gjaldþrota félags að nafni Norðurfell hf. Leggist öll sönnunarbyrði fyrir svo fráleitri fullyrðingu á stefnda. Enginn veðsamningur sé til um það, að víxillinn hafi átt að vera til tryggingar skuldum þessa gjaldþrota félags. Séu fullyrðingar stefnanda í því sambandi ósannaðar. Þær aðgerðir stefnda að krefjast greiðslu víxilsins fyrir ætluðum skuldum Norðurfells hf. hafi valdið miklum erfiðleikum, og hafi stefndi á engum stigum málsins sýnt nokkra tilburði til að skýra málin eða komast að skynsamlegri niðurstöðu.

Stefndi hafi látið selja nauðungarsölu tvær eignir stefnanda. Í útreikningum stefnda sé eignin Grundargerði 6 c, Akureyri, reiknuð á 7.800.000 kr., sem sé allt of lágt verð. Leggi stefnandi fram því til sönnunar kaupsamninga og telur sig augljóslega hafa tapað 1.000.000 kr. á því, að eignin var seld nauðungarsölu, en ekki á frjálsum markaði. Auk þess sé beinn kostnaður við að flytja og kostnaður við að koma þaki yfir höfuðið, stimpilgjöld, lántökukostnaður o. fl., a. m. k. 350.000 kr. Þá sé fyrrverandi eign stefnanda í Verslunarmiðstöðinni í Kaupangi, Akureyri, a. m. k. 13.500.000 kr. virði, en hún hafi verið seld nauðungarsölu fyrir 10.500.000 kr. Nemi tap stefnanda því 3.000.000 kr., með því að eignin var seld nauðungarsölu, en ekki á almennum markaði.

Stefndi hafi gert fjárnám í eignum stefnanda og boðið þær upp á nauðungaruppbodum, allt með tilheyrandi auglýsingum og umtali. Stefnandi sé fasteignasali að atvinnu, og sé slíkt umtal slæmt fyrir mann í þeirri stöðu. Fasteignasali verði að hafa traust viðskiptavina sinna, en stefndi hafi grafið undan því með framferði sínu, sem hafi svo stuðlað að því að varpa rýrð á fjárhagsstöðu stefnanda. Hafi stefndi gert þetta vitandi um, að ekki lægi hærri skuld að baki víxlinum en þegar hafði verið geymslugreidd, og með því valdið stefnanda tjóni af meinfýsi, að því er virðist. Erfitt sé að reikna út fjárhagstjón stefnanda vegna tapaðra viðskipta og enn erfiðara að leggja fjárhagslega mælistiku á miska, sem framferði stefnda hafi valdið stefnanda. Þó sé augljóst, að þetta hafi valdið stefnanda óþægindum og tjóni, því að orðstír manns í stöðu stefnanda hljóti að skadað, þegar hann þurfi að þola svo mörg fjárnám og uppbod, sem stefndi hafi þvingað hann í gegnum.

Sé krafa stefnanda vegna annars fjárhagslegs og ófjárhagslegs tjóns og áhrifa á atvinnu svo og óþæginda samtals að fjárhæð 3.650.000 kr. Nemi bótakrafa stefnanda því samtals 8.000.000 kr.

### III.

#### *Málsástæður og lagarök stefnda.*

Stefndi heldur því í fyrsta lagi fram, að full krafa sé að baki umræddum víxli. Ávallt hafi verið ein heildstæð samfella í viðskiptayfirlitum stefnda gagnvart skuldum, sem stofnað hafi verið til af hálfu Norðurfells hf. og síðar Verslunarmiðstöðvarinnar hf. Hefði skuldastaðan ekki verið með þeim hætti, sem raun beri vitni samkvæmt fyrirbyggjandi reikningsyfirlitum nema vegna þess, að gamla skuldin hafi verið þar að baki. Hafi skuld þessi verið útskýrð með afstemmingum og fram lögðum víxlum og þannig beinlínis sýnt fram á, hvernig við skuld Norðurfells hf. hafi verið tekið af Verslunarmiðstöðinni hf., þ. e. mínusuð út af reikningi Norðurfells hf. og sett inn á reikning Verslunarmiðstöðvarinnar hf. Á yfirlitunum sjáist, að þeir víxlar, sem stefnandi skrifaði á, hafi verið dregnir frá skuldastöðunni á hverjum tíma og þeir því teknir sem greiðsla, þótt sýnt sé nú, að töluverður hluti þeirra víxla hafi aldrei fengist greiddur. Um þá staðreynd sé stefnanda vel kunnugt, enda sé nafn hans á öllum víxlunum. Stefnanda hafi því verið fullkunnugt, í hvaða tilgangi víxillinn var út gefinn, og með áritun sinni á ofangreinda víxla, 33 að tölu, og jafnframt um fjárhæð þeirrar viðskiptaskuldar, sem Verslunarmiðstöðin hf. hafi tekið á sig af skuldum Norðurfells hf. Það, að stefnandi tæki persónulega ábyrgð á greiðslu skuldarinnar, hafi verið í fullu samræmi við þau loforð, sem hann hafi áður gefið stefnda um, að öll skuldin yrði greidd, en auk þess hafi stefnandi áður boðið persónulega eign til tryggingar öllum skuldum.

Stefnandi hafi verið starfsmaður Verslunarmiðstöðvarinnar hf. þar til síðla árs 1990, en þegar á því tímamarki hefðu safnast upp töluverðar skuldir við stefnda, sem stefnanda hlaut að vera kunnugt um, sbr. tilvitnuð viðskiptayfirlit. Sú vanskilaskuld, sem sundurliðuð sé á þessum yfirlitum, hafi öll orðið til á þeim tíma, sem stefnandi var framkvæmdastjóri Norðurfells hf. og síðar starfsmaður Verslunarmiðstöðvarinnar hf. Ekkert af þessari skuld sé til komið, eftir að stefnandi hafi látið af störfum sem starfsmaður Verslunarmiðstöðvarinnar hf. Leiki þannig enginn vafi á því, að stefnanda hafi verið fullkunnugt um þá kröfu, sem stefndi hafi átt á hendur félaginu, enda hafi stefnandi ritað nafn sitt á alla víxlana.

Þá hafi stefnandi ásamt nefndum syni sínum komið fram gagnvart stefnda, eftir að Verslunarmiðstöðin hf. keypti reksturinn, og tekið fyrst í

stað þátt í samningaviðræðum um greiðslu og tryggingu kröfunnar. Þá hafi stefnandi lofað því persónulega, eftir að hann var orðinn starfsmaður Verslunarmiðstöðvarinnar hf., að stefndi þyrfti ekki að hafa neinar áhyggjur af greiðslu kröfunnar, hún yrði greidd. Hafi forsenda þess, að Verslunarmiðstöðin hf. fékk umboð fyrir framleiðsluvörur stefnda í ársbyrjun 1990, einfaldlega verið sú, að Verslunarmiðstöðin tæki á sig skuldir Norðurfells við stefnda, eins og raunin hafi orðið.

Stefnandi viðurkenni í skýrslu sinni fyrir dómi 14. desember 1994, að farið hafi verið fram á tryggingarvígilinn til tryggingar þeirri skuld, sem þá hafi verið fyrir hjá stefnda, bæði í vöruúttekt og víxlum. Hafi heimild stefnda til að innheimta vígilinn ekki verið bundin neinum takmörkunum. Staðfesti aðdragandi að undirskrift víxilsins enn frekar, að með undirskrift sinni hafi stefnandi m. a. verið að taka á sig persónulega ábyrgð á þeim skuldum, sem stofnast höfðu í fyrirtæki hans, Norðurfelli hf.

Þá bendir stefndi á, að skuldskeyting/skuldaraskipti hafi farið fram. Þegar Verslunarmiðstöðin hf. hafi keypt rekstur Norðurfells hf., hafi hún tekið við skuldum Norðurfells hf. við stefnda. Hafi slík viðtaka verið skilyrði fyrir framhaldi umboðsviðskipta. Hafi hin fyrri krafa á hendur Norðurfelli hf. fallið niður og ný krafa á hendur Verslunarmiðstöðinni hf. stofnast með þeim réttaráhrifum, að innheimtunni hafi verið beint að Verslunarmiðstöðinni hf., en ekki Norðurfelli hf. Hafi krafan eftir sem áður verið nákvæmlega hin sama og skuldin aðeins tekin út af reikningi Norðurfells hf. og sett í staðinn á reikning Verslunarmiðstöðvarinnar hf.

Í bréfi stefnda til Verslunarmiðstöðvarinnar frá 24. apríl 1991 sé tiltekið sérstaklega, að stefndi hafi á sjöundu milljón bundna vegna viðskipta við Verslunarmiðstöðina hf., og eigi stefndi þá einnig við skuld þá, sem stofnast hafi í tíð Norðurfells hf. Þessum fjárhæðum hafi aldrei verið mótmælt af hálfu Verslunarmiðstöðvarinnar hf. eða stefnanda og því aldrei borið við í þeim samningaviðræðum, sem fram hafi farið á árunum 1990–1991, að stefnandi eða Verslunarmiðstöðin hf. bæri ekki ábyrgð á skuldum Norðurfells hf. Hafi slík mótbára fyrst komið fram, eftir að til málaferla kom og ljóst var orðið, að Norðurfell hf. hafði verið úrskurðað gjaldþrota. Þessu til frekari sönnunar megi benda á, að þegar Verslunarmiðstöðin hf. hafi keypt rekstur Norðurfells hf., hafi af hálfu stefnda ekki verið staðið eins að því og venja er, þegar nýr maður tekur við umboðsviðskiptum. Verslunarmiðstöðin hf. hafi ekki þurft að kaupa nýjar birgðir, eins og venja sé, eða leggja fram tryggingar fyrir slíkri skuld, heldur hafi hún tekið við birgðum Norðurfells hf. Ástæða þess hafi einfaldlega verið sú, að stefnandi og Jón Páll Tryggvason hafi haldið áfram að vera umboðsmenn stefnda og engin

breyting orðið þar á. Umboðin hafi haldið áfram að vera í höndum sömu manna og forsenda þess að sjálfsögðu verið sú, að litið yrði á viðskiptin óslitið og heildstætt, þannig, að hið nýja félag tæki við þeim skuldum, sem stofnast hefðu í tíð Norðurfells hf. Þetta traust hafi myndast í tímans rás, en stefnandi hafi þá komið í tuttugu ár fram sem umboðsmaður fyrir vörur stefnda á Akureyri. Hafi viðskiptin því byggst á trausti og því ekki allt skjalfest, sem á milli aðila fór.

Bréf Jóns Páls Tryggvasonar, sonar stefnanda og framkvæmdastjóra Verslunarmiðstöðvarinnar hf., frá 21. apríl 1991 sé ritað, er Norðurfell hf. var orðið gjaldþrota. Feli bréfið greinilega í sér viðurkenningu á þeim skuldum, sem til hafi verið í apríl 1991, bæði skuldum, sem stofnast hafi í tíð Norðurfells hf., og eins skuldum Verslunarmiðstöðvarinnar hf., því að í bréfinu sé beinlínis vísað til góðs viðskiptasambands, sem varað hafi í tuttugu ár. Sé hvergi gerður fyrirvari eða aðgreining á því, að um tvenns konar skuldir væri að ræða, heldur sé hið gagnstæða ljóst, að Jón Páll sé að skoða skuldastöðuna og viðskiptasambandið í heild og tala um að vinna sig út úr öllum þeim skuldum, sem hann var í. Fari sonur stefnanda fram á greiðslufrest, til að Verslunarmiðstöðin hf. geti unnið sig út úr skuldunum, og vísi í því sambandi til góðs samstarfs árum saman. Sé ljóst, að Jón Páll hefði ekki ritað svohljóðandi bréf, ef sú staða hefði verið uppi, að stefndi hefði tveimur mánuðum áður verið búinn að tapa nokkrum milljónum við gjaldþrot Norðurfells hf. Felist því í bréfinu ótvíræð viðurkenning á því, að skuldir Norðurfells hf. hafi verið yfirteknar, um leið og Verslunarmiðstöðin hf. fékk umboð stefnda til að selja vörur hans áfram. Hafi umræddur víxill verið gefinn út sem framhald þessara bréfaskrifta og stefnandi ritað á hann, fullkunnugt um, að hann væri til tryggingar þeim skuldum, sem þegar hafi verið stofnað til.

Skaðabótakröfu stefnanda er mótmælt sérstaklega sem tilefnislausri og órökstuddri. Stefndi hafi einungis beitt lögformlegum innheimtuaðferðum vegna víxils, sem sannanlega hafi verið í vanskilum. Hafi stefnandi átt að greiða víxilinn strax og láta síðan reyna á gildi og réttmæti víxilsins í dómsmáli í stað þess að láta fjárnám og uppboð yfir sig ganga með tilheyrandi kostnaði.

#### IV.

##### *Niðurstaða.*

Í bréfi fyrrum framkvæmdastjóra stefnda, Stefáns Guðjohnsen, dagsettu 29. maí 1990, til stefnanda máls þessa fyrir hönd Verslunarmiðstöðvarinnar hf. er í upphafi þakkað bréf stefnanda til stefnda frá 11. sama mánaðar og

síðan fjallað um sölu á vörum stefnda af hálfu Verslunarmiðstöðvarinnar hf. til smásala og verkstæða og afslátt stefnda og gjaldfrest félagsins í því sambandi. Síðan segir svo:

„Á móti verður þú (stefnandi) að láta mig (framkvæmdastjórann) fá fullnægjandi tryggingar fyrir gömlu skuldinni, sem ég gæti hugsanlega sett á skuldabréf til þess að auðvelda þér endurgreiðsluna.

Enn fremur þarf ég að fá tryggingu fyrir lagerskuldinni og hlaupandi víxlaviðskiptum. Ég myndi senda Verslunarmiðstöðinni hf. nýjan umboðssamning.“

Tæpu ári síðar, 19. apríl 1991, sendi framkvæmdastjóri stefnda svohljóðandi bréf til stefnanda fyrir hönd Verslunarmiðstöðvarinnar hf.:

„Samkvæmt bókum okkar skuldar Verslunarmiðstöðin okkur vanskilavíxla, að fjárhæð 1.404.112,69 kr. með dráttarvöxtum og kostnaði.

Okkur þykir leitt, en því miður sjáum við okkur ekki fært að lána þessa skuld lengur, enda gjaldféllu víxlarnir allir í september 1990.

Við höfum því ákveðið að loka fyrir viðskiptaúttektir Verslunarmiðstöðvarinnar hf., þar til skuldin er greidd.“

Viðbrögð við þessu bréfi af hálfu Verslunarmiðstöðvarinnar hf. urðu þau, að framkvæmdastjóri félagsins, Jón Páll Tryggvason, sonur stefnanda, ritaði stefnda bréf, sem dagsett er 21. apríl 1991. Segir meðal annars svo í bréfi þessu:

„Ég (Jón Páll Tryggvason) þarf að sjálfsgöðu ekki að taka það fram, en get þess þó, að við höfum átt saman gott samstarf, sem varað hefur í um tuttugu ár, frá árinu 1972, að mig minnir.

Ykkur á að vera vel kunnugt um þau áföll, sem við höfum orðið fyrir, vegna sölu á framleiðsluvörum frá ykkur til framleiðanda, en á um tveimur sl. árum höfum við tapað vegna viðskipta við þrjá innréttingaframleiðendur upphæð, sem á verðgildi í dag nemur um 1,5–2,0 milljónum; þá eru ótalin þau áföll, sem kostuðu okkur um 5,0 milljónir vegna flutnings að Glerár-götu 32 og afturkomu í Kaupang um áramótin 1989/90. . .“

„Það hlýtur að vera ykkur fullljóst, að lokun nú þýðir nánast það, að viðskiptum okkar á milli væri að fullu lokið, og væri það miður. Salan myndi minnka sem viðskiptum við ykkur nemur, og drægi það úr möguleikum okkar til að vinna okkur út úr vandanum. Við ættum þá ekki um annað að ræða en endursenda ykkur allt það, sem við eigum af vörum frá ykkur á lager, til greiðslu á vanskilum og ógreiddum víxlum, en lagerinn er nú að verðgildi um 3,0 milljónir á útsöluverði. Þá yrðum við í framhaldi af því að athuga að taka inn nýjar vörur í þeirra stað.

Við trúum því ekki að óreyndu eftir svo löng viðskiptatengsl, að það sé

ekki jafnframt ykkar hagar, að okkur takist að vinna okkur út úr þeim vanda, sem að okkur steðjar um sinn, og tryggja vörum ykkar áfram sess á markaði hér á Akureyri og nágrenni. Við teljum okkur í þessi nær tuttugu ár, sem samstarf okkar hefur varað, hafa staðið vel að sölu og kynningu á vörum ykkar og tryggt ykkur nokkuð góða markaðshlutdeild miðað við þær aðstæður, sem eru til staðar.“

Stefndi svaraði bréfi þessu með bréfi, dagsettu 21. sama mánaðar. Er það bréf stílað á Jón Pál Tryggvason fyrir hönd Verslunarmiðstöðvarinnar hf. Í bréfi stefnda segir í upphafi, að stefnda sé vel kunnugt um erfiðleika Verslunarmiðstöðvarinnar hf., en hins vegar beri á það að líta, að „á sjöundu milljón“ séu þá stundina bundnar á einn eða annan hátt vegna viðskipta við Verslunarmiðstöðina hf. Síðan segir orðrétt:

„Til þess að vernda hagsmuni okkar beggja og liðka fyrir þessum viðskiptum er tillaga okkar þessi:

1. Vanskil frá sept. '90 verði gerð upp á næstu þremur mánuðum með jöfnum vikulegum greiðslum.

2. Við fáum 5.000.000 kr. fasteignaveð eða tryggingarvixil með ábyrgðarmönnum, sem við samþykkjum.“

Fram er komið í málinu, að víxill sá, er mál þetta á rætur sínar að rekja til, var gefinn út í beinu framhaldi þessa bréfs stefnda.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, hafði stefnandi sem einn eigenda hlutafélagsins Norðurfells hf. og framkvæmdastjóri þess átt viðskipti við stefnda frá árinu 1972 og allt þar til rekstur þess var seldur Verslunarmiðstöðinni hf. um áramót 1989/1990. Þá er fram komið í málinu, að stefnandi var starfsmaður síðarnefnda félagsins þar til síðla árs 1990.

Eigi verður annað ráðið af áðurgreindum bréfaskiptum en með yfirtöku Norðurfells hf. um áramót 1989–1990 hafi Verslunarmiðstöðin hf. tekið við réttindum og skyldum hins fyrrnefnda gagnvart stefnda. Ber í því sambandi sérstaklega að geta þess, að beinlínis er viðurkennt af hálfu framkvæmdastjóra Verslunarmiðstöðvarinnar hf. í bréfinu frá 21. apríl 1991, að félagið skuldi stefnda þá að minnsta kosti 3.000.000 kr., þar sem fram kemur í bréfinu, að félagið eigi ekki annars kost, verði lokað fyrir viðskipti af hálfu stefnda, en afhenda honum vörur á lager, sem nemi þeirri fjárhæð á útsöluverði, „til greiðslu á vanskilum og ógreiddum víxlum“, eins og orðrétt segir í bréfinu.

Það er því mat dómsins, að líta verði á allt framangreint í samhengi. Verður þannig að telja, að víxill sá, er stefnandi gaf út og sonur hans samþykkti til greiðslu fyrir hönd Verslunarmiðstöðvarinnar hf. og var jafnframt ábekingur á, hafi verið skilyrði fyrir framhaldi viðskipta stefnda og Versl-

unarmiðstöðvarinnar hf. og að í útgáfu hans hafi jafnframt falist staðfesting á áðurgreindri viðurkenningu í bréfinu frá 21. apríl 1991 á því, að skuldin við stefnda hafi á þeim tíma eigi verið lægri fjárhæðar en fram kemur á vixlinum. Þá er þess að geta í því sambandi, að hvergi er að finna í gögnum málsins mótmæli gegn þeirri staðhæfingu í bréfi stefnda til stefnanda frá 24. apríl 1991, að vegna viðskipta stefnda við „ykkur“, eins og segir í bréfinu, hafi á þeim tíma af hálfu stefnda verið bundnar yfir 6.000.000 kr.

Með því að telja verður í ljós leitt samkvæmt framansögðu, að lögfull krafa hafi staðið að baki umræddum vixli, ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 250.000 kr.

Dóminn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Málning hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Tryggva Pálssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 250.000 kr. í málskostnað.

---